



Vinnureglur

Úthlutun framlaga á grundvelli B-hluta 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli

Almenn ákvæði

1. *Framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli falla undir B-hluta útgjaldajöfnunarframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, skv. 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010.* Framlöggin eru sjálfstæð eining innan útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins og taka ekki sömu hlutfallslegu hækkunum og önnur viðmið framlaganna. Framlöggin vegna skólaaksturs eru tekjuskert hjá þeim sveitarfélögum sem hafa hlutfallslega háar tekjur á íbúa miðað við önnur sveitarfélög.
2. *Í október ár hvert skal liggja fyrir áætlun um ráðstöfunarfjármagn til heildargreiðslu framlaga vegna skólaaksturs á næsta ári. Einnig skal liggja fyrir í október skipting ráðstöfunarfjármagns fyrir næsta ár á grundvelli 3 a. og 3 b. hér á eftir.*
3. *Úthlutun framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli skal vera sem hér segir:*
 - a. Á grundvelli áætlanagerðar sem byggir á upplýsingum frá sveitarfélögum um akstursleiðir úr dreifbýli sveitarfélags og fjölda grunnskólabarna á hverri leið sem eiga heimili lengra en 3,0 km. frá skóla, miðað við 1. október ár hvert. Útreikningur framlaga byggir á lengstu akstursvegalengd innan hverrar leiðar frá heimili að skóla. Vegalengdin er margfölduð með stuðli sem tekur mið af stærð ökutækis og fjölda barna á hverri leið (miðað við akstur fram og til baka), að teknu tilliti til fjölda skóladaga á viðkomandi skólaári samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.
 - b. Á grundvelli umsókna frá sveitarstjórn í lok hvers fjárhagsárs vegna íþyngjandi kostnaðar umfram framlög á grundvelli 3a, að mati sveitarstjórnar, við akstur grunnskólabarna úr dreifbýli á árinu, sem eiga heimili lengra en 3,0 km. frá skóla. Ítarleg greinargerð sveitarfélags skal fylgja umsókn um viðbótarframlag. Umsókn skal hafa borist Jöfnunarsjóði eigi síðar en 15. desember fyrir almanaksárið.
4. *Greiðslur framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli fer fram sem hér segir:*
 - a. Áætluð framlög á grundvelli 3a koma til greiðslu mánaðarlega. Við hverja mánaðarlega greiðslu er haldið eftir allt að 10% af áætluðum framlögum til að mæta því ef ráðstöfunarfjármagn sjóðsins vegna skólaaksturs verður minna en áætlað var. Uppgjör fer fram í desember á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.
 - b. Framlög á grundvelli 3b. vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli umfram tekjur koma til greiðslu í einu lagi í janúar vegna næstliðins árs.
1. Við útreikning framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli sveitarfélaga skal stuðst við skilgreiningu Hagstofu Íslands á dreifbýli og þéttbýli.

Sérstök heimildarákvæði

Sbr. a-lið 3.


1. Þar sem svo háttar til í sveitarfélagi með færri en 1.000 íbúa, (sem skilgreint er af Hagstofu Íslands sem þéttbýlissveitarfélag þrátt fyrir að þar sé viðurkennt dreifbýli), skal taka með í útreikning framlaganna akstur grunnskólabarna sem þar búa sé um lengri vegalengd að ræða en 3,0 km. frá skóla.

Sbr. b-lið 3.

1. Þar sem svo háttar til í sveitarfélagi að hluti íbúa býr í byggðakjarna sveitarfélags, sem er aðskilinn frá öðru landsvæði sveitarfélagsins og nemendur verða að ljúka grunnskólagöngu sinni fjarri byggðakjarnanum, skal taka með í útreikning framlaganna eðlilegan kostnað samfara skólagöngu þeirra, sé fjarlægð heimilis frá skóla meiri en 3,0 km.

Vinnureglur þessar taka gildi við undirritun.

Innanríkisráðuneytinu, 11. desember 2012

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Ólafur Jónsson', written in a cursive style.